

L Ö G

59

11. júní

um breyting á lögum nr. 58 frá 28. nóv. 1919, um breytingar á lögum nr. 30
22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

2. gr. laga nr. 58 frá 28. nóv. 1919 orðist þannig:

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti, og er hann oddviti hennar.

Samþykki bæjarstjórn að velja sér bæjarstjóra, vikur bæjarfógeti úr bæjarstjórninni, en bæjarstjóri tekur við þeim störfum, er oddviti bæjarstjórnar hefir nú. Bæjarstjóri skal launaður úr bæjarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

L Ö G

60

11. júní

um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir yfirstjórn allrar húsmæðrafræðslu í sveitum landsins samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Húsmæðraskólar þeir, er um getur í 3. gr., skulu viðurkenndir og styrktir af ríkinu, enda fullnægi þeir ákvæðum laga þessara.